

Ed.

689. Nefndarálit

[281. mál]

um frv. til l. um almannatryggingar.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur rætt efni frumvarpsins á nokkrum fundum. Á sameiginlegum fundum heilbrigðis- og félagsmálanefnda beggja deilda mættu Hjálmar Vilhjálmsson ráðuneytisstjóri og form. endurskoðunarnefndarinnar, Sigurður Ingimundarson alþm. og forstjóri Tryggingastofnunar ríkisins og Guðjón Hansen tryggingafræðingur. Þessir menn ræddu breytingar þær, sem frumv. gerir ráð fyrir, og nefndarmenn spurðu um fjölmörg atriði.

Meiri hl. nefndarinnar mælir með samþykkt frumv., en einstakir nefndarmenn áskilja sér þó rétt til þess að flytja eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Alþingi, 26. marz 1971.

Jón Árm. Héðinsson,
form., frsm.

Steinþór Gestsson,
fundaskr., með fyrirvara.

Oddur Andrésson.

Ólafur Björnsson.